



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2004020042

211

20. febrúar 2004

Málefni: Aðgangur allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu, 28. mál

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dags. 9. febrúar 2004, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er send til umsagnar þingsályktunartillaga um aðgang allra landsmanna að GSM-þjónustu, 28. mál.

Tillagan er að mestu samhljóða þingsályktunartillögu sem lögð var fram á 128. löggjafarþingi, þingskjal 893 - 546. mál. Póst- og fjarskiptastofnun sendi Nefndasviði Alþingis umsögn um tillöguna þann 10. mars 2003. Afstaða stofnunarinnar til tillögunnar er óbreytt og vísast því til fyrri umsagnar sem fylgir hér með í afriti.

Þess skal getið að samgönguráðherra hefur skipað stýrihóp sem vinna á að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005-2010. Hópurinn hefur þegar tekið til starfa. Eitt af áhersluatriðum sem hópnum er falið að skoða er farsímasamband á þjóðvegum.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Ingvason
forstöðumaður lögfræðideildar

Hjálagt:

Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Nefndasviðs Alþingis, dags. 10. mars 2003.



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2003020090

211

10. mars 2003

Málefni: Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, 546. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar dags. 25. febrúar 2003 þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er send til umsagnar þingsályktunartillaga um aðgang allra landsmanna að GSM-þjónustu, 546. mál.

Tillagan lýtur annars vegar að því að fela samgönguráðherra að beita sér í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands fyrir því að fyrirtækið tryggji öllum landsmönnum aðgang að GSM farsímakerfinu og hins vegar að ráðherra verði falið að leggja fram frumvarp þar sem GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

GSM farsímanet Landssíma Íslands nær nú til allra þéttbýlisstaða á landinu með 200 íbúa eða fleiri og að auki til einstaka svæða utan þéttbýlis og meðfram þjóðvegum. Áætlað er að u.þ.b. 98% landsmanna hafi aðgang að þjónustunni. Póst- og fjarskiptastofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að ráðast í frekari útbreiðslu, en þykir rétt að benda á nokkur atriði varðandi hugsanlega fjármögnun á slíku verkefni. Eins og réttilega segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni er ljóst að talsverður kostnaður myndi fylgja því að auka við útbreiðslusvæði þjónustunnar þannig að hún næði til allra landsmanna á búsetustað þeirra og til allra helstu þjóðvega að auki. Slík uppbygging myndi ekki standa undir sér á viðskiptalegum forsendum. Það væri því íþyngjandi ákvörðun að leggja slíka útbreiðsluskýldu á fyrirtæki og kæmi vart til greina án þess að fyrirtækinu yrði bætt tap af rekstrinum. Sú hugmynd er sett fram í greinargerð að Landssíma Íslands verði falið verkið og að arðsemiskrafa sem gerð er til fyrirtækisins verði lækkuð svo að ná megi markmiðinu án þess að veita til þess fé úr ríkissjóði. Samkvæmt 16. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 er ráðherra heimilt að fela Póst- og fjarskiptastofnun að gera samning um þjónustu til almannaheilla sem ekki er hluti alþjónustu og skal kostnaður að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum. Ef stjórnvöld vilja auka útbreiðslu GSM þjónustu telur Póst- og fjarskiptastofnun eðlilegra að fleirum en einu fyrirtæki verði gefinn möguleiki á því að taka þátt í því verkefni og heimild 16. gr. til útboðs verði beitt, frekar en að leitað verði til eins fyrirtækis og því veittur óbeinn fjárstuðningur í formi eftirgjafar á arðgreiðslum.

Önnur leið við fjármögnun verkefnisins er nefnd í greinargerð, en það er að gera útbreiðslu GSM þjónustunnar að alþjónustukvöð. Það hefði í för með sér að fjárframlög kæmu úr jöfnunarsjóði sem greitt er í af símafyrirtækjum. Kostnaðinum yrði þannig dreift á símafyrirtækin í stað þess að greiða hann úr ríkissjóði. Samkvæmt gildandi fjarskiptalögum er farsímaþjónusta ekki hluti af alþjónustu og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr.



2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (Alþjónustutillskipunin), virðist ekki heimila að kvaðir varðandi farsímaþjónustu séu fjármagnaðar með þessum hætti á Evrópska efnahagssvæðinu.

Varðandi GSM-þjónustu sem öryggistæki er það að segja að hún getur augljóslega gagnast vegfarendum sem þurfa á aðstoð að halda á þjóðvegum landsins. Hins vegar er spurning hversu hentug þjónustan er fyrir aðila svo sem lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir. Ef almennt neyðarástand skapast og margir reyna að nota farsímakerfið samtímis getur sú staða komið upp að kerfið anní ekki álaginu. Annað fjarskiptakerfi, TETRA farstöðvakerfið, býður hins vegar upp á þann möguleika að stjórna aðgangi að kerfinu og veita viðbragðsaðilum forgang í neyðartilvikum.

F.h. Póst- og fjarskiptastofnunar,

Sigurjón Ingvason